

# Ársskýrsla Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands 2007

## Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er rannsókn- og þjónustustofnun sem heyrir undir Háskólaráð. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni og byggist á rannsókn- og fræðasetrum Háskóla Íslands um allt land. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir Háskóla Íslands á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Starfsemin hefur notið mikillar velvildar heimamanna og stjórnvalda. Á fjárlögum 2008 og fjárukalögum 2007 hefur Alþingi veitt allmiklu fé til setranna, m.a. vegna mótvægisáðgerða í kjölfar kvótaskerðingar. Nú er svo komið að setrin ná yfir stærsta hluta landsins og verða í upphafi árs 2008 orðin átta talsins.

Setrin eru faglega sjálfstæðar einingar og hafa hvert sitt áherslusvið sem tengjast sérstökum aðstæðum á hverju svæði. Þrjú megin áherslusvið eru þó áberandi: Umhverfissrannsóknir og landnýting, rannsóknir í ferðamálum og rannsóknir á lífríki hafsins. Allt eru þetta svið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setranna og við Háskóla Íslands í Reykjavík.

**Forstöðumaður** Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands er dr. Rögnvaldur Ólafsson. Aðrir starfsmenn eru dr. Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur sem er verkefnisstjóri stofnunarinnar á Vestfjörðum og Ásta Erlingsdóttir verkefnisstjóri hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, sem sinnir stjórnsýslustörfum fyrir stofnunina.

**Stjórn stofnunarinnar** er auk stjórnarformanns skipuð þeim Hreini Haraldssyni, Vegagerð ríkisins, Rannveigu Ólafsdóttur dósent við HÍ, Erlu Björk Ólafsdóttur framkvæmdastjóra Vör sjávarrannsóknnum við Breiðafjörð, Jörundi Svavarssyni prófessor við HÍ og Halldóri Jónssyni forstöðumanni vísindasviðs HÍ.

**Ársfundur** var að þessu sinni haldinn í júní í Stykkishólmi. Rúmlega 50 manns alls staðar að á landinu sóttu fundinn, en yfirskrift hans var; *Krummaskuð og kjarnastaðir – menntun, rannsóknir, atvinnulíf, lífsgæði*. Gerð var skýrsla með samantekt á öllum erindum sem flutt voru á fundinum og var hún send rektor, ráðherrum og fulltrúum sem sátu ársfundinn.

## Rannsókn- og fræðasetur í undirbúningi

**Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum**

Hafinn er undirbúningur að rannsókn- og fræðasetri á Egilsstöðum. Setrið verður eina setur Háskóla Íslands á sviði félagsvísinda, sem staðsett verður á landsbyggðinni. Meginviðfangsefni setursins verður samfélagsþróun í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi.

Starfsemi setursins mun felast í þverfræðilegum verkefnum á sviði atvinnu-, byggða- og velferðarmála. Í upphafi verður lögð áhersla á fræðilegar rannsóknir, úttektir og ráðgjöf varaðandi svæðisbundnar forsendur þekkingarsamfélagsins og aðgerðir til að styrkja þróun þess.

Fræðasetrið mun hafa aðsetur í Þekkingarsetrinu á Egilstöðum ehf. og starfa náið með Þekkingarneti Austurlands og öðrum stofnunum sem þar verða til húsa.

## ***Suðurland***

Stefnt er að því að stækka Háskólasetrið í Hveragerði sem staðsett er að Reykjum í Ölfusi þannig að það verði Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi með þremur starfsstöðvum; að Reykjum í Hveragerði eins og nú er, á Selfossi og í Gunnarsholti á Rangárvöllum.. Landgræðslan og Háskóli Íslands hafa undirritað viljayfirlýsingu um að efla rannsóknir og samstarf þessara stofnana.

Markmið Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi verður landnýting í þeirri merkingu að rannsaka og safna gögnum um allt sem nýta má við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu í mjög víðu samhengi.

## **Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands**

### ***Háskólasetrið á Hornafirði***

[Háskólasetrið á Hornafirði](#) er rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðausturlandi stofnað 30. nóvember 2001. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu á náttúruferjum, menningu og samfélagi á Suðausturlandi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum, erlendum jafnt sem innlendum, aðstöðu til rannsókn- og fræðastarfs. Háskólasetrið er til húsa í Nýheimum, mennta- og menningarsetri Hornfirðinga.

Meginviðfangsefni Háskólasetursins hafa frá upphafi verið rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar, einkum í tengslum við ferðaþjónustu og starfsemi á friðlýstum svæðum. Þar eru einnig stundaðir rannsóknir á jökklum, loftlagsbreytingum, bókmenntum, listum og þjóðfræði. Viðamestu verkefni Háskólasetursins sem stendur líta annars vegar að Vatnajökulsþjóðgarði og hins vegar að flokkun og mati á íslensku landslagi.

Forstöðumaður setursins er Dr. Þorvarður Árnason, umhverfis- og náttúrufræðingur.

## **Háskólasetrið Hveragerði**

[Háskólasetrið í Hveragerði](#) tók til starfa sumarið 2000. Það er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Hveragerðisbæjar, Landbúnaðarháskóla Íslands (áður Garðyrkjuskóla ríkisins), Rannsóknastofnunarinnar Neðri Ás, Prokatin ehf., Sunnlenskrar orku ehf. og Orkuveitu Reykjavíkur.

Háskólasetrið leigir aðstöðu með þjónustu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og er aðalaðstaða setursins að Reykjum í Ölfusi, þar sem það hefur m.a. vel búna rannsóknastofu. Rannsóknastofnunin Neðri Ás leggur því einnig endurgjaldslaust til húsnæði og þjónustu í Hveragerði, m.a. vinnuástöðu, bókasafn og fræðimannsíbúð. Bókhaldsþjónustu kaupir setrið af Hveragerðisbæ.

Háskólasetrið í Hveragerði byggir á arfleifð Rannsóknastofnunarinnar Neðri Áss sem starfrækt var í Hveragerði frá því í lok sjöunda áratugs síðustu aldar. Helstu viðfangsefni setursins hafa verið á sviði hvera- og vatnavistfræði, skólphreinsunar og vatnsmengunar en einnig hefur verið unnið að verkefnum tengdum jarðhitaböðum, nýjum skordýrategundum og kjarnolíum. Setrið hefur auk þess séð um mengunarmælingar í skólphreinsistöð Hveragerðisbæjar og verið bænum til ráðuneytis um umhverfismál skv. þjónustusamningi við bæinn. Aðstaða setursins stendur vísinda- og fræðimönnum, innlendum sem erlendum, til boða til rannsókna- og fræðistarfa af ýmsu tagi og hafa fjölmargir þeirra nýtt sér það.

Framkvæmdastjóri Háskólasetursins í Hveragerði er Tryggvi Þórðarson, vatnavistfræðingur.

## **Rannsóknasetur Vestmannaeyja**

[Rannsóknasetur Vestmannaeyja](#) var formlega opnað í október 1994. Setrið hefur verið í fararbroddi fræðasetra á landsbyggðinni og má segja að það hafi verið með fyrstu Setrunum sem stofnuð voru. Rannsóknasetrið í Eyjum hefur síðan verið fyrirmynd margra annarra Setra á landsbyggðinni. Háskóli Íslands annast rekstur setursins og hússins sem setrið er í.

Hlutverk Rannsóknasetursins er að sinna rannsóknum og þróun á breiðu sviði sjávarútvegs, náttúru Vestmannaeyja og Suðurlands í samvinnu við atvinnulífið í Eyjum. Einnig er því ætlað að stuðla að samvinnu við sérfræðinga og nemendur sem vinna að verkefnum tengdum Vestmannaeyjum og Suðurlandi.

Í Rannsóknasetrinu sameinast undir einu þaki þær stofnanir í Vestmannaeyjum sem starfa að grunnrannsóknum, hagnýtum rannsóknum, gagnasöfnun og nýsköpun í atvinnulífinu, ásamt því að gera ýmsar þjónustumælingar fyrir opinbera aðila og fyrirtæki. Í Setrinu er einnig miðstöð fullorðinsfræðslu og fjarkennslu á háskólastigi.

Verkefni stofnanna Rannsóknasetursins eru af ýmsum toga enda markmið þeirra og hlutverk misjöfn. Dæmi um verkefni eru rannsóknir á humri við Eyjar, rannsóknir á atferli lunda, rannsóknir á eldfjöllum og eldvirkni Vestmannaeyja og Suðurlands, eftirlit með fiskistofnum, gæðamælingum á fiskiafurðum og gagnasöfnun ásamt ýmiskonar grunn- og hagnýtum rannsóknum er tengjast náttúru Vestmannaeyja, Íslands og Norður Atlantshafsins.

Forstöðumaður setursins í Vestmannaeyjum er Páll Marvin Jónsson

## **Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði**

[Háskólasetur Suðurnesja](#) var formlega stofnað á árinu 2004. Háskólasetrið er vettvangur fyrir samstarf Háskóla Íslands við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á Suðurnesjum.

Háskólasetur Suðurnesja er staðsett að Garðvegi 1, Sandgerði, en þar eru enn fremur til húsa Náttúrustofa Reykjaness (NR), Botndýrarannsóknastöðin (BIOICE) og Fræðasetrið í Sandgerði. Háskólasetrið samnýtir ýmsa aðstöðu með þessum stofnunum og mörg rannsóknaverkefni eru unnin í samvinnu við ofangreinda aðila. Í Háskólasetrinu hafa meginaðsetur tveir doktorsnemar og fjórir meistaranemar, auk þess sem sérfræðingar frá Líffræðistofnun HÍ hafa aðstöðu þar.

Háskólasetrið sinnir margvíslegum rannsóknum með áherslu á rannsóknir á lífríki sjávar, lifnaðarhætti fugla og áhrif mengunar á lífverur. Meðal helstu rannsóknaverkefna á árinu 2007 voru athuganir á áhrifum tófu á varphætti sílamáfs (unnið í samvinnu við NR), athuganir á botndýrum á Íslandsmiðum (unnið í samvinnu við botndýrastöðina), mat á forsendum þess að skilgreina þjóðgarða í sjó (samvinna við NR), rannsóknir á lífríki á hörðum botni á djúpslóð á Íslandsmiðum og víðar (samvinna við Hafrannsóknastofnun;

DEEP-WEST verkefnið), rannsóknir á töskukrabba (styrkt af sjávarútvegsráðuneyti) og rannsóknir á brennihvelju á Íslandsmiðum (styrkt af AVS). Enn fremur hafa farið fram rannsóknir á áhrifum ýmissa mengandi efna (t.d. olíusambandsins Benzo(a)pyrene, sem er krabbameinsvaldandi) á sjávarlífverur, en tilraunastofusjórinn að Garðvegi 1 er einstaklega hentugur fyrir slíkar rannsóknir, í ljósi hreinleika hans.

Í Háskólastrinu er jafnframt sýningin Heimskautin heilla, sem fjallar um líf og starf franska landkönnuðarins Jean-Baptiste Charcot. Sýningin, sem er samvinnuverkefni Háskólastrisins og Sandgerðisbæjar, var opnuð í febrúar 2007 og hefur vakið verðskuldaða athygli. Charcot, sem fórst við Ísland 16. september 1936 ásamt 40 manns úr áhöfn rannsóknaskipsins Pourquoi pas? var einn af merkustu landkönnuðum heims og mikill Íslandsvinur.

Starfandi forstöðumaður er Jörundur Svavarsson prófessor.

## ***Háskólastrur Snæfellsness, Stykkishólmi***

[Háskólastrur Snæfellsness](#) var stofnað snemma á árinu 2006. Setrið hefur aðstrur í Ráðhúsinu á sama stað og Náttúrustofa Vesturlands og er í góðu samstarfi við Náttúrustofuna. Stykkishólmsbær hefur veitt strinu mikilvægan stuðning og afnot af íbúð til að hýsa gestafræðimenn.

Áhersla er lögð á rannsóknir á sérstæðri og alþjóðlega mikilvægri náttúru Breiðafjarðar, Snæfellsness og norðanverðs Faxaflóa. Megináherslusvið setursins er rannsóknir á fuglum og þar eru starfandi tveir fuglavistfræðingar. Meðal rannsóknaverkefna eru: Rannsóknir á stofnstjórnun farfugla (styrktar af breska rannsóknaráðinu) og á æðarfugli, styrktar af Rannís, Framleiðnisjóði og Æðarræktarfélagi Íslands. Rannsóknir á kríum á Snæfellsnesi þar sem markmiðið er að kanna tengsl fæðu og orkubúskaps en kría hentar vel til að greina tengsl fæðuframboðs og hæfnipátta (varpárangurs og lífslíkna) hjá sjófuglum. Rannsókn á umferð vaðfugla um leirur á Vesturlandi í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands. Þá hefur setrið einnig komið að rannsóknnum eða úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna á vistfræði brandandar, grágæsar, lunda, sandlóu og þúfutittlings.

Frá því að setrið hóp störf hafa stafsmenn þess fengið birtar eða samþykktar 8 greinar í ISI tímaritum og fimm greinar í ritrýndum innlendum fagtímaritum. Að auki hafa birst fjórar greinar almenns eðlis og ein skýrsla. Í samvinnu við NSV lét HS vinna greinargerð um veiðar og ástand hörpudisks í Breiðafirði. Þeirri vinnu er nú lokið en hún miðaði að því að taka saman það sem vitað er um ástæður hruns stofns hörpudisks og forgangsraða mikilvægum rannsóknnum. Starfsmaður setursins hafa tekið þátt í kennslu við Líffræðiskor Háskóla Íslands, í fuglafræði og dýrafræði auk þess sem starfsmaður setursins kenndi námskeið í dýrafræði við landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Einn meistaranemi við HÍ er í fullu námi undir leiðsögn starfsmanns Setursins.

Gistinætur erlendra fræðimanna í tengslum við vinnu Setursins hafa verið rúmlega 450 frá stofnun.

Forstöðumaður setursins er dr. Tómas Grétar Gunnarsson fuglavistfræðingur.

## **Rannsókn- og fræðasetur Vestfjarða**

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands hóf störf með ráðningu forstöðumanns í nóvember 2007. Háskóli Íslands, Náttúrustofa Vestfjarða og Bolungarvíkurkaupstaður eru samstarfsaðilar og skipa stjórn setursins ásamt fulltrúa frá Fjórðungssambandi Vestfjarða. Forstöðumaður setursins er staðsettur í Bolungarvík og nýtur góðs samstarfs og samnýtingar á aðstöðu við Náttúrustofu Vestfjarða. Starfsstöð frá setrinu verður frá janúar 2008 í húsnæði Þróunarseturs Vestfjarða á Patreksfirði. Fyrsta heila starfsár setursins (2008) er gert ráð fyrir að auk forstöðumanns verði starfandi við setrið tveir sérfræðingar og 5-6 rannsóknanemendur.

Megin viðfangsefni setursins verða á sviði náttúrufræði og ferðamennsku. Sérstök áhersla verður lögð á rannsóknir á fjölbreyttu lífríki og ferðamennsku á strandsvæðum Vestfjarða, í góðu samstarfi við atvinnustarfsemi á svæðinu. Staðsetningin býður upp á fjölbreytt verkefni á þessu sviði en meðal fyrstu verkefna setursins má nefna, „Þolmörk ferðamennsku við fuglabjörg“, „Stofnivistfræði sjófugla“ og „Uppeldisstöðvar þorskseiða á Vestfjörðum“. Áhugi er fyrir frekari uppbyggingu t.d. með rannsóknum á uppbyggingu og nýtingu ferðaþjónustu á strandsvæðum og þverfaglegum rannsóknum á Hornstrandafriðlandinu. Auk rannsókna er setrinu ætlað að stuðla að margvíslegri háskólakennslu og veita fræðimönnum og rannsóknanemendum sem kunna að vilja starfa á svæðinu aðstoð og aðstöðu eftir getu.

Forstöðumaður rannsókn- og fræðaseturs Vestfjarða á Bolungarvík er dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, náttúrufræðingur.

## **Rannsókn- og fræðasetur Norðausturlands**

Setrið hóf starfsemi í október 2007. Það er staðsett hjá Þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík og við hlið Náttúrustofu Norðausturlands. Áherslusvið setursins eru rannsóknir á sjávarspendýrum og lífríki sjávar. Samstarf er við Hvalasafnið á Húsavík og hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursiglingu sem munu láta setrinu í té aðstöðu í landi og á bátum.

Unnið er að undirbúningi rannsóknaverkefna m.a.: Rannsókn á heyrn og hljóðum frá hnýðingum í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og danska, japanska og bandaríska vísindamenn. Rannsóknir á fæðukeðju Skjálfaflóa í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og Sjávarrannsóknasetrið Vör á Ólafsvík. Rannsókn á hljóðum frá háhyrningum í kringum Vestmannaeyjar í samstarfi við vísindamenn frá Hawai. Rannsóknir á selum í samstarfi við Selasetrið á Hvammstanga.

Forstöðumaður Rannsókn- og fræðasetursins á Húsavík er dr. Marianne Helene Rasmussen

